

21. gr.

Óheimilt er að tengja vatnsdælur við heimæðar án leyfis vatnsveitunnar. Óheimilt er að tengja saman æðar vatnsveitunnar og einkavatnsæðar frá öðrum vatnsbólum. Óheimilt er að tengja saman æðar vatnsveitu og hitaveitu og skulu blöndunartæki hafa óhindrað rennsli í frárennslisstút. Enn fremur er óheimil öll meðferð vatnstækja, sem valdið geta óhreinun á vatni í vatnsveituæð eða einkalögn.

22. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 20 þúsund nema þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum. Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Nú vanrækir maður að vinna verk, sem vatnsveitan hefur fyrirskipað, samkvæmt reglugerð þessari, eða verk er ekki unnið á viðunandi hátt og getur þá vatnsveitan látið vinna það, sem þarf, á kostnað viðkomandi aðila. Skal þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr sveitarsjóði, en síðan innheimta hjá aðila með lögtaki, ef þörf krefur.

23. gr.

Hreppsnefnd getur sett nánari reglur um framkvæmd þeirra mála, sem reglugerð þessi fjallar um. Jafnframt getur hún veitt undanþágur frá reglugerðinni, ef hún telur gildar ástæður til þess.

24. gr.

Ef hreppsnefnd þykir ástæða til, getur hún heimilað öðrum en pípulagningameisturum að annast vatnslagnir samkvæmt reglugerð þessari, enda fullnægi þeir þeim skilyrðum, er sett verða hverju sinni og taka á sig fulla ábyrgð á framkvæmd verksins samkvæmt reglugerð þessari.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Borgarneshrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin reglugerð fyrir vatnsveitu Borgarneshrepps nr. 85 14. júní 1942 með síðari breytingum.

Félagsmálaráðuneytið, 26. maí 1971.

Emil Jónsson.

Hallgrímur Dalberg.

G J A L D S K R Á**Vatnsveitu Borgarness.****1. gr.**

Almennur vatnsskattur af húsum, sem vatn er lagt í, skal vera $4\frac{1}{2}\%$ af fasteignamati þeirra, en þó skal aldrei greiða minna en kr. 1000.00 af hverri íbúð.

2. gr.

Aukavatnsskattur skal vera kr. 3.00 til 4.00 fyrir hvern m^3 vatns.

3. gr.

Vatn til skipa skal vera kr. 50.00 fyrir hvern m³ vatns, en þó aldrei lægra en kr. 500.00 fyrir hvert skip.

4. gr.

Stofngjald húsa skal ákveðið af hreppsnefnd árlega.

5. gr.

Gjald fyrir uppsetningu mælis skal vera kr. 1500.00 og leiga kr. 1000.00 fyrir hvern mæli.

6. gr.

Skylt er að greiða vatnsskatt af húseignum og mannvirkjum, sem eru í byggingu, eftir ákvörðun hreppsnefndar, enda þótt ekki liggja fyrir fasteignamat.

7. gr.

Heimilt er hreppsnefnd fyrir eitt ár í senn, að hækka eða lækka vatnsskattinn um allt að 50% án staðfestingar ráðuneytisins.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 27. maí 1971.

Emil Jónsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUGERÐ

um hrossaræktarbú að Hólum í Hjaltadal.

1. gr.

Á Bændaskólanum á Hólum í Hjaltadal skal starfrækja, á kostnað ríkissjóðs, kynbótabú fyrir reiðhross, samkv. 48. gr. laga nr. 21/1965 um búfjárrækt.

2. gr.

Skólastjóri Bændaskólans á Hólum hefur yfirumsjón með rekstri kynbótabúsins að öðru en því, sem sérstaklega er tekið fram í reglugerð þessari.

3. gr.

Hrossakynbótabúinu stjórnar 3ja manna nefnd, þannig skipuð:

1. Skólastjóri Bændaskólans á Hólum, og er hann formaður og fjárhaldsmaður.
2. Hrossaræktarráðunautur Búnaðarfélags Íslands.
3. Aðili skipaður af landbúnaðarráðherra.

Tveir varamenn skulu tilnefndir af ráðherra. Heimilt skal varamönnum að sitja nefndarfundi.

4. gr.

Nefndarfundir skulu haldnir á Hólum minnst 3 sinnum á ári. Fyrsti fundur skal haldinn fyrir febrúarlok. Þar skal gera grein fyrir starfsemi búsins á s. l. ári, taka ákvarðanir um tanningar og til hvaða hesta hryssur skuli leiddar, leigu stóðhesta og önnur mál, sem varða vorstarfsemi búsins.